

sbr. XXIII. kafla laga nr. 74/1974. Verður og ekki séð, að missögn sú í dómi sakadóms Garðakaupstaðar 6. september 1979 um niðurstöðu hins norska dóms né frásögn í greindum hæstaréttardómi um þetta atriði geti nokkru breytt um refsíákvörðun.

Þriðjudaginn 9. mars 1982.

Nr. 96/1981. **Ákærvaldið**

(Þórður Björnsson ríkissaksóknari)
gegn

Tómasi Sævari Friðjónssyni

(Guðmundur Ingvi Sigurðsson hrl.).

Bifreiðar. Banaslys. Sýkna. Brot gegn umferðarlögum.
Fyrning sakar. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Logi Einarsson, Björn Sveinbjörnsson, Magnús P. Torfason, Sigurgeir Jónsson og Þór Vilhjálmsson.

Hermann G. Jónsson, fulltrúi bæjarfógetans á Akranesi, kvað upp hinn áfrýjaða dóm.

Ágrip máls barst Hæstarétti 23. október 1981.

Héraðsdómi var áfrýjað að ósk ákærða, en af hálfu ákærvalds er krafist staðfestingar dómsins.

Leitt er í ljós, að drengurinn Stefán Orri Ásmundsson ók reiðhjóli sínu skyndilega fyrir horn hússins nr. 65 við Suðurgötu, yfir gangstétt og þvert út á Suðurgötu. Lenti reiðhjólið þar á bifreið ákærða um eða fyrir aftan miðju. Þegar þessa er gætt, þykir varhugavert að telja sannað, að ákærði hafi valdið bana drengsins með aksturslagi sínu, þó að telja verði sannað, að hann hafi ekið bifreið sinni of hratt og ógætilega eftir Suðurgötu miðað við gerð bifreiðarinnar, hlass hennar og aðrar aðstæður, en refsing fyrir það brot hefði ekki farið fram úr sektum.

Lögreglurannsókn hófst í máli þessu þegar sama dag og slysið varð. Fyrsta þinghald í því var háð daginn eftir, 14. maí 1977. Síðan var þingað í málinu 16. maí, 23. júní, 29. og 30. september, 5. og 6. október 1977. Ákæra var gefin út 9. nóvember 1977 og málið þingfest 17. maí 1978. Sótti ákærði þá dómþing, var birt ákæran, og var honum skipaður verjandi eftir ósk hans. Í þessu þinghaldi færði dómari til bókar: „Málinu er frestað um óákveðinn tíma og það sent verjanda.“ Síðan var ekkert dómþing háð í málinu fyrr en hinn 10. nóvember 1980, er vörn var lögð fram og málið tekið til dóms. Þetta niðurfall á meðferð málsins fyrir dómi leiðir til fyrningar sakar samkvæmt 1. tl. 81. gr. og 2. mgr. 82. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Ber því að sýkna ákærða af kröfum ákæruvalds í máli þessu.

Allan kostnað sakarinnar ber að dæma á hendur ríkissjóði, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals 5.500.00 krónur fyrir báðum dómum.

Hin óhæfilega málsmeðferð í héraði er vítaverð.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Tómas Sævar Friðjónsson, á að vera sýkn af kröfum ákæruvalds í máli þessu.

Allur sakarkostnaður greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða, Guðmundar Ingva Sigurðssonar hæstaréttarlögmanns, í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals kr. 5.500.00.

S é r a t k v æ ð i

Magnúsar Þ. Torfasonar hæstaréttardómara.

Ég tel, að fallast beri á það mat héraðsdómara, að ákærði hafi ekið bifreið sinni, E 569, of hratt eftir Suðurgötu miðað við gerð bifreiðarinnar, hlass hennar og aðrar aðstæður, eins og þeim er nánar lýst í hinum áfrýjaða dómi. Hefur ákærði með því brotið þau ákvæði umferðarlaga nr. 40/1968, sem í ákæruskjali greinir.

Ég er sammála meiri hluta dómenda um, að varhugavert sé að telja sannað, að ákærði hafi valdið dauða drengsins Stefáns Orra Ásmundssonar með því aksturslagi sínu, er að framan greinir. Beri því að sýkna ákærða af ákæru fyrir brot á 215. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Dómsrannsókn í máli þessu hófst hinn 14. maí 1977. Ákæruskjal var gefið út 9. nóvember s. á., og var það birt ákærða í sakadómi Akraness 17. maí 1978. Óskaði ákærði þá eftir, að sér yrði skipaður verjandi. Skráði héraðsdómari í þingbók, að málinu væri frestað um óákveðinn tíma og yrði sent verjanda. Verjandi var skipaður með bréfi héraðsdómara 2. júní s. á. Skilaði hann skriflegri vörn, sem dags. er 22. janúar 1979, en dómþing var ekki háð fyrr en 10. nóvember 1980. Lagði héraðsdómari þá fram skipunarbréf verjandans og vörnina, kynnti ákærða skjölin og dómtók síðan málið. Jafnframt lét hann þess getið í þingbók, að dráttur sá, sem orðið hefði á málinu, stafaði af veikindum sínum og miklum önnum.

Samkvæmt framanrituðu varð dráttur á rekstri málsins, einkum dómtöku þess, eftir að vörn var rituð. Þegar það er virt, sem að framan greinir, tel ég þó, að sá dráttur sé ekki slíkur, að rétt sé að lita svo á, að réttarrannsókninni hafi verið hætt um óákveðinn tíma, sbr. 2. mgr. 82. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Samkvæmt þessu og þar sem réttarrannsókn út af broti ákærða hófst þegar á næsta degi eftir að það var framið, er sök hans eigi fyrnd samkvæmt 1. tl. 81. gr. og 80. gr. sömu laga, sbr. 4. gr. laga nr. 20/1981.

Ég tel rétt samkvæmt 80. gr. umferðarlaga nr. 40/1968, sbr. 1. gr. laga nr. 54/1976, að láta óbreytta standa refsingu þá, sem ákærða var gerð með hinum áfrýjaða dómi, að öðru leyti en leiðir af lögum nr. 35/1979 um breytt verðgildi íslensks gjaldmiðils. Vararefsing verði 6 daga varðhald, ef sektin verður ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Eftir þessu teldist rétt, sbr. 2. mgr. 141. gr. laga nr. 74/1974, að ákærði greiddi í ríkissjóð saksóknarlaun fyrir

Hæstarétti 1.200.00 krónur og annan sakarkostnað í héraði og fyrir Hæstarétti að 1/3 hluta, en að 2/3 hlutum yrði sakarkostnaður greiddur úr ríkissjóði, þar með talin laun skipaðs verjanda ákærða í héraði, svo sem þau eru ákveðin í héraðsdómi, og laun hans fyrir Hæstarétti, 3.600.00 krónur.

S é r a t k v æ ð i

Sigurgeirs Jónssonar hæstaréttardómara.

Með röksemdum þeim, sem greinir í sératkvæði Magnúsar Þ. Torfasonar hæstaréttardómara um fyrningu sakar, er ég sammála áliti hans um, að sök sé ófyrnd í máli þessu.

Að öðru leyti tel ég, að dómur í málinu eigi að vera svo sem hér segir:

Málsatvik eru rakin í héraðsdómi.

Nokkur ný skjöl hafa verið lögð fyrir Hæstarétt.

Í héraðsdómi segir, að ónákvæmni gæti í ákæru í lýsingu á hraða bifreiðarinnar miðað við ferðir drengjanna á reiðhjólunum. Ekki verður á það fallist, að ákæra sé að þessu leyti ónákvæmari en efni standa til. Hins vegar er réttilega leiðrétt í héraðsdómi sú missmíð á ákæru, að drengirnir hafi átt leið norður yfir götuna. Fyrir Hæstarétti var málið reifað að þessu leyti í samræmi við ákvæði 3. mgr. 118. gr. laga um meðferð opinberra mála nr. 74/1974.

Um aksturslag ákærða og hraða bifreiðar hans, er slysið varð, liggja ekki fyrir afdráttarlausir vitnaframburðir. Verður því að mestu leyti að byggja á framburði ákærða sjálfs um þessi atriði auk framburða um ferðir drengjanna og sýnilegra sönnunargagna.

Bifreiðin E 569 er Volvo diesel vörubifreið, 8 metra löng, með 210 hestafla vél. Samkvæmt framburði ákærða er það minnsta gerð vélar í ökutæki þeirrar gerðar, sem E 569 var. Miðað við 11—12 smálestu farm, sem ákærði telur líklegt, að hafi verið á bifreiðinni, er slysið varð, er heildarþyngd hennar nálægt 23 smálestum.

Auk þeirra upplýsinga um staðreyndir máls þessa, svo

sem um bifreiðina sjálfa, hemlaför, gír, sem ákærði taldi sig aka í, og mat hans á því, með hvaða lágmarkshraða hann þyrfti að aka, til þess að unnt væri að nota 8. gír, sem í héraðsdómi greinir, er rétt að taka fram, að samkvæmt framburði ákærða fór hann allt að 14 ferðum á 8 klst. vinnudegi, 11.4 km leið, eða samtals 159.6 kílómetra. Verður meðalhraði þá 20 km á klukkustund, ef engum tíma væri eytt í lestun og losun eða aðrar tafir. Taka verður tillit til þess, að lestun og losun tekur tiltölulega mikinn tíma á svo stuttum vegalengdum. Þó að þessi skýrsla ákærða um dagsafköst veiti enga sönnun um hraða bifreiðarinnar, er slysið varð, bendir hún eindregið til þess, að flutningar þeir, sem ákærði stundaði, hafi verið framkvæmdir af talsverðu kappi.

Af þeim framburði ákærða, að hann þyrfti að aka á yfir 60 km hraða á klst. til þess að geta ekið í 8. (hæsta) gíri, svo og því, hversu tiltölulega aflítil vél bifreiðarinnar er, þykir mega ráða, að tæplega mundi fært að aka henni í 7. gíri fullhlaðinni á jafnsléttu með minni hraða en 45 km á klukkustund. Er það í samræmi við skoðun ákærða, sem kemur fram í framburði hans um þetta atriði, einkum skýringar hans, er hann rökstuddi breyttan framburð um, í hvaða gíri hann hefði ekið.

Við flutning varnar fyrir Hæstarétti taldi verjandi ákærða húsið nr. 65 við Suðurgötu hafa byrgt útsýn úr ökumannsæti bifreiðarinnar E 569 að leið Stefáns Orra, allt þar til gangstéttarbreiddin ein hafi verið á milli drengsins og bifreiðarinnar. Á þetta verður ekki fallist. Á afstöðuuppdráttinn á héraðsdómsskjali nr. 2 er mörkuð leið bifreiðarinnar E 569 og einnig leið drengsins. Ákærði hefur í dómi samþykkt, að uppdráttur þessi sé réttur, enda er leið drengsins mörkuð á uppdráttinn í samræmi við framburð vitna um, að hann hafi hjólað af gangstéttinni yfir bifreiðastæði það, sem er samhliða gangstéttinni, og að því er Þórður Þórðarson skýrði lögreglu frá í upphafi um 4 metra frá húshorninu. Bifreiðastæðið byrjar samkvæmt uppdrátti, er fylgir gögnum máls, 3—4 metrum vestan við húshornið. Sé

mælt frá blóðpollinum, sem talinn er við árekstrarstað, 7 metrar eftir leið bifreiðarinnar og sama vegalengd eftir leið drengsins, verður 10 metra löng lína milli endapunkta þessara mælinga (þriðja hlið þríhyrnings) laus við hornið á Suðurgötu 65 og útsýn því óhindruð. Því minni sem hraði reiðhjólsins hefur verið í hlutfalli við hraða bifreiðarinnar því lengri verður sjónarlínan milli ákærða og Stefáns Orra, þ. e. a. s. því lengra frá slysstað var ákærði, er hann hefði átt að geta komið auga á drenginn þrátt fyrir húshornið. Í skýrslu hjá lögreglu sagði Halldóra Böðvarsdóttir, að drengurinn hefði „hjólað rólega“, en í sakadómi er bókað eftir henni: „Drengurinn virtist ekki á hraðri ferð“.

Ákærði telur, að hann hafi ekið 1—2 billengdir, eftir að fyrri drengurinn skaust fyrir framan bifreið hans, þar til slysið varð. Hafi hann ekið með 45 km hraða á klst., tæki það 1 og 1/3 sekúndu að aka þessa vegalengd (16 metra), en 2 sekúndur við 30 km hraða. Vegalengdir á slysstað sýna, að þessi ágiskun ákærða hlýtur að vera nálægt réttu lagi. Er því í raun um eitt tilvik að ræða, er tveir drengir í samfylgd hjóla hvor á eftir öðrum þvert á ökuleið ákærða.

Við vettvangsrannsókn kom í ljós, að sú fullyrðing ákærða, að hann hefði fyrst séð Stefán heitinn Orra fyrir slysið í baksýnispegli bifreiðarinnar, gat ekki staðist, þar sem í ljós kom, að úr öikumannssæti sést aðeins aftur fyrir bifreiðina í speglinum. Meta verður breytingu ákærða á framburði sínum, eftir að niðurstaða þessarar athugunar varð ljós, yfir í það, að hann hafi séð drenginn um hliðarrúðu, með hliðsjón af því, að framburðurinn er settur fram, eftir að honum hefur verið sýnt fram á, að fyrri framburður getur ekki staðist. Með sama hætti verður að meta síðari framburð ákærða um gír bifreiðar, sem líklegt sé, að hafi verið hinn sjötti, en ekki hinn sjöundi, vegna þess, „að eiginleikar bílsins og vélarinnar séu þess eðlis, að miklu líklegra sé, að hann hafi ekið í 6. gangstigi“. Fullt samræmi var í upphaflegum framburði ákærða hjá lögreglu strax eftir slysið og framburði í sakadómi um, að hann hefði ekið í 7. gíri. Af gefnum forsendum um þyngd bifreiðar, vélarafli,

yfirborð vegar og götuhalla má draga ályktanir um lágmarkshraða, svo sem að framan segir. Verður að líta með varúð síðari breytingu ákærða á fyrri framburði um gír, sem byggist á því, að hann gefur sér forsendur um hraða og dregur af þeim og eiginleikum bíls og vélar ályktun um, að hann hafi ekið í lægri gíri.

Af framburðum ákærða sjálfs og sýnilegum sönnunar-gögnum verður ráðið, að bifreiðinni E 569 hafi verið ekið með eigi minna en 45 km hraða á klukkustund um Suður-götu á Akranesi hinn 13. maí 1977, er tveir drengir hjóluðu hvor á eftir öðrum þvert á ökuleið bifreiðarinnar.

Leyfður hámarkshraði bifreiða í Akraneskaupstað var á þeim tíma, er slysið varð, 35 km á klst. Ákvæði 1. og 2. mgr. 49. gr. umferðarlaga nr. 40/1968, sbr. og sérstaklega a lið 3. mgr. sömu lagagreinar, lögðu skyldu á ákærða, ökumann þungblaðinnar vörubifreiðar, sem ekið var um þéttbýla íbúðarbyggð, að stilla ökuhraða mjög í hóf, þannig að stöðva mætti ökutækið á svipstundu. Fyrir drengsins, sem fyrst kom á reiðhjóli sínu út á akbrautina, sýndi, svo ekki varð um villst, að hætta gæti verið á ferðum. Framburður ákærða sjálfs um gír bifreiðarinnar, hleðsla hennar og tiltölulega lítið vélarafli, aðstæður og lengd hemlafara sýna, svo ekki verður um villst, að ákærði ók bifreiðinni E 569 með meiri hraða en löglegt var og án þeirrar aðgæslu, sem boðin er í þeim ákvæðum umferðarlaga, sem ákært er út af.

Með framferði sínu hefur ákærði brotið öll þau ákvæði umferðarlaga, sem í ákæru getur.

Samkvæmt skýrslu um krufningu og rannsókn á líki Stef-áns Orra Ásmundssonar kramdist hann til bana. Fráleitt er, að það hefði skeð, þó að hann hefði hjólað á reiðhjóli sínu á jafnsléttu og á rólegri ferð á kyrrstæða vörubifreiðina. Löglegur hraði bifreiðarinnar og sú aðgæsla og athygli, sem ökumaður á litlum hraða getur beitt umfram þann, sem hratt ekur, hefði með tvennum hætti getað komið í veg fyrir slysið, annars vegar, að ákærði hefði getað veitt drengjunum fyrir athygli, og hins vegar, að hann hefði getað stöðvað bifreiðina tafarlaust, er hinn fyrri af drengjunum hjól-

aði í veg fyrir hana. Ég tel því alls ekki varhugavert að slá því föstu, að umferðarlagabrot ákærða, einkum hinn of hraði akstur, séu orsök dauðaslyssins. Hefur hann með því orðið meðvaldur að bana Stefáns Orra Ásmundssonar. Hann hefur því einnig gerst brotlegur við 215. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Við flutning málsins fyrir Hæstarétti var af ákærvaldsins hálfu fallið frá kröfu í áfrýjunarstefnu um þyngingu hins áfrýjaða dóms, en krafist staðfestingar hans. Kemur þynging refsingar því eigi til álita.

Samkvæmt því, sem hér hefur verið rakið, og að öðru leyti með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann.

Dæma ber ákærða til þess að greiða allan kostnað af áfrýjun málsins, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 3.500.00 krónur, og laun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, 3.500.00 krónur.

Rannsókn málsins er að nokkru áfátt:

1. Rétt var að taka strax nákvæmar ljósmyndir af hemlaförum.

2. Rétt var að prófa bifreiðina E 569 á sama stað og slys varð á, með jafn þungu hlassi og við sömu veðurfarsaðstæður til þess að upplýsa: a) með hvaða lágmarkshraða bifreiðinni yrði ekið í 7. gír, og b) við hvaða hraða mynduðust hemlaför sömu vegalengdar og með svipuðum einkennum og mynduðust við hemlun við eða eftir slysið.

Dráttur á máli þessu, rúm 3 ár frá ákæru til dómsuppsögu, en rúmir 22 mánuðir frá dagsetningu varnar til dómsuppsögu, hefur ekki verið réttlættur.

Ber að átelja þessa málsmeðferð.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Ákærði greiði allan kostnað af áfrýjun málsins, þar með talin saksóknarlaun til ríkissjóðs, 3.500.00 krónur, og laun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, Guð-

mundar Ingva Sigurðssonar hæstaréttarlögmanns,
3.500.00 krónur.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Akraness 3. desember 1980.

Mál þetta, sem dómtekið var 10. nóvember sl., var höfðað með ákæru ríkissaksóknara, dags. 9. nóvember 1977, gegn Tómasi Sævari Friðjónssyni bifreiðarstjóra, Heiðarbraut 5, Akranesi.

Ákærða er gefið að sök að hafa föstudaginn 13. maí 1977, er hann ók þunghlaðinni vörubifreið sinni, E 569, vestur Suðurgötu á Akranesi með allt að 45 kílómetra hraða miðað við klukkustund eigi sýnt af sér nægilega aðgát miðað við aðstæður og þótt hann hefði þá rétt áður séð til ferða drengs á reiðhjóli norður yfir götuna við húsið nr. 65 gegnt Mánabraut, með þeim afleiðingum, að annar drengur, Stefán Orri Ásmundsson, fæddur 18. mars 1971, sem á eftir fylgdi, varð fyrir bifreið ákærða og lést samstundis.

Telst þetta atferli ákærða varða við 215. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, 1. mgr. 26. gr., 1. mgr. 37. gr. 1., 2., a, c og 1 liði 3. mgr. 49. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 40/1968, sbr. lög nr. 54/1976.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til greiðslu alls sakarkostnaðar og til sviptingar ökuréttinda samkvæmt 81. gr. umferðarlaga.

Ákærði er fæddur 10. desember 1946 í Reykjavík og hefur sætt þessum kærnum og refsingum:

1966 10/9 á Seyðisfirði: Sátt, 200 kr. sekt fyrir brot gegn 21. gr. áfengislaga.

Af hálfu skipaðs verjanda ákærða eru gerðar þær dómkröfur aðallega, að ákærði verði sýknaður af öllum ákæruatriðum og að allur kostnaður sakarinnar verði felldur á ríkissjóð, og til vara er krafist vægustu refsingar, sem lög frekast áskilja.

Krafist er málsvarnarlauna, hver sem úrslit málsins verða.

Málavextir eru þessir:

I.

Föstudaginn 13. maí 1977, kl. 1345, var lögreglunni á Akranesi tilkynnt símleiðis og af Þórði Þ. Þórðarsyni, er á sama tíma kom inn á lögreglustöðina, að alvarlegt umferðarslys hefði orðið á Suðurgötu á móts við gatnamót Mánabrautar og Suðurgötu.

Guðfinnur Sigurðsson lögreglumaður fór strax á slysstaðinn með sjúkrakörfu ásamt Þórði. Á Suðurgötu við hornið á húsinu nr. 65, þar sem er verslun Helga Júlíussonar, lá drengur, 6 ára, Stefán Orri Ásmundsson, Heiðarbraut 47, Akranesi. Var hann meðvitundarlaus, og rann blóð úr höfði hans. Fyrirnefndir menn fluttu hann strax í sjúkrakörfu á Sjúkrahús Akraness, en lækningar lýsti því skömmu síðar yfir, að drengurinn væri látinn.

Lögreglumenn hófu þegar rannsókn á slysinu. Í ljós kom, að drengurinn hafði komið á reiðhjól sínu af Akratorgi og ætlað þvert yfir Suðurgötu, en þá lent á vörubífreiðinni E 569, sem á sama tíma var ekið suðvestur Suðurgötu. Bífreiðin var nokkru sunnar á götunni, og höfðu lögreglumenn tal af ökumanni hennar, Tómasi Sævari Friðjónssyni, ákærða í máli þessu, svo og vitnum. Lögreglumenn gerðu uppdrátt af slysstað, og bífreiðin E 569 var rannsökuð af bífreiðaeftirlitsmanni og lögreglu. Síðar voru teknar ljósmyndir af bífreiðinni svo og slysstað.

Næsta dag hófst dómsrannsókn í málinu. Verða nú raktir vitnaframburðir í máli þessu og skýrslur ákærða svo og lýst öðrum sakargögnum.

II.

Skal fyrst lýst ferðum drengsins Stefáns Orra. Föðurafi hans, Ólafur Frímann Sigurðsson, Vesturgötu 45, kvað son sinn Ásmund hafa borðað hádegismat hjá honum þennan dag, föstudaginn 13. maí, ásamt sonum sínum Þórði, fæddum 28. apríl 1968, og Stefáni Orra, fæddum 18. mars 1971. Eftir matinn fór Ásmundur til vinnu sinnar á skrifstofu Sementsverksmiðju ríkisins við Mánabraut. Skömmu síðar gekk vitnið upp í bæinn og að versluninni Óðni í Kirkjubraut, en þaðan að Akratorgi, en vitnið ætlaði að fara í Landsbankann, sem er suðvestan við torgið. Með vitninu voru drengirnir tveir, og voru þeir á litlum reiðhjólum. Við Akratorg fóru drengirnir þvert yfir Kirkjubraut og stefndu yfir torgið og eftir gangstétt fyrir framan verslun Helga Júlíussonar í áttina að Suðurgötu. Vitnið kvað Þórð litla hafa sagt: „Við skulum koma til pabba.“ Vitnið bað drengina að fara varlega, en hélt áfram í áttina að Landsbankanum. En það var ekki komið yfir götuna, er það veitti því athygli, að eitt-hvað hafði komið fyrir skammt frá verslun Helga Júlíussonar í Suðurgötu. Vitnið fór rակleitt þangað. Er vitnið kom að, sá það, að drengurinn Stefán Orri lá á bakinu á akbrautinni í Suðurgötu með höfuðið í austurátt, en fætur í suðvestur, og sá vitnið

ekki lífsmark með drengnum. Allmargt fólk var á vettvangi, og stór vörubifreið var nokkuð sunnar á akbrautinni.

Vitnið Halldóra Böðvarsdóttir afgreiðslumaður var að vinna í verslun Helga Júlíussonar þennan dag, föstudaginn 13. maí, um kl. 1345. Vitnið var við verslunargluggann, sem er fjærst Suðurgötu, og snýr hann út að Akratorgi. Var vitnið að þurrka ryk úr glugganum. Sá þá vitnið, að drengur hjólaði í áttina að Suðurgötu í 1—2 metra fjarlægð frá glugganum. Drengurinn virtist ekki á hraðri ferð. Hjólið var lítið tvíhjól, málað blátt og að einhverju leyti hvítt.

Í þessu bili heyrði vitnið hávaða af Suðurgötu í bifreið, sem ekið var eftir götunni, því að það heyrðist ávallt, er þungir vöruf lutningabílar óku um götuna. Vitnið leit þá út á Suðurgötu og sá, að stórum vöruf lutningabíl var ekið fyrir hornið og suðvestur götuna, og um leið sá vitnið, að drengurinn á reiðhjólínu lenti á hlið bifreiðarinnar. Taldi vitnið, að hjólið hefði lent á bifreiðinni aftanverðri eða nærri afturhjólum.

Vitnið kvaðst telja, að drengurinn hafi ekið hiklaust áfram út á bifreiðastæðið og út á Suðurgötuna.

Vitnið heyrði hávaða og skruðning frá vörubifreiðinni, sem benti til þess, að henni hefði verið snögghemlað. Vitnið treysti sér ekki til að giska á hraða vörubifreiðarinnar, því að þetta hafi allt komið fyrir með svo snöggum hætti, er barnið lenti á bifreiðinni og henni var snögghemlað. En vitnið tók fram, að því hafi fundist vörubifreiðunum ekið mjög hratt eftir Suðurgötunni í grjótf lutningunum, sem farið höfðu fram þá undanfarið.

Vitnið kallaði strax til Helga Júlíussonar kaupmanns, sem var í herbergi bak við búðina, en hann fór á slysstaðinn og kom með hjól drengsins inn í verslunina skömmu síðar, en þar tók lögreglan það. Vitnið hringdi á lögreglustöðina og tilkynnti slysið.

Vitnið Þráinn Sigurðsson skrifstofumaður var nokkru fyrir kl. 14 þennan dag statt hjá aðaldyrum Landsbankans við Akratorg. Heyrði það þá greinilega hemlahljóð frá bifreið. Er það leit austur Suðurgötu, sá það vörubifreið vera að stöðvast á götunni nærri verslun Helga Júlíussonar. Á sama tíma sá vitnið lítið reiðhjól falla í götuna aftan við vörubifreiðina, nær norðurbrún götunnar, skammt frá horninu á versluninni. Vitnið fór ekki á slysstað, en sá Helga Júlíusson kaupmann koma út úr versluninni og fara að reiðhjólínu, og skömmu síðar kom lögreglan á staðinn. Þá sá vitnið mann ganga frá Sjóvá, sem er þarna sunnan götunnar, og gekk hann að vörubifreiðinni.

Vitnið Jón Rúnar Sigurðsson vélvirki var að ganga út frá skrifstofu Sjóvá, er það heyrði allt í einu utan af götunni nokkurn skell og á sama tíma hemlahljóð, eins og heyrir, þegar loft-hemlar virka. Er vitnið leit út á Suðurgötuna, sá það vörubifreiðina E 569, er var enn á nokkurri hreyfingu, en um það bil að stöðvast, og stöðvaðist hún alveg þarna á götunni skammt frá húsinu. Vitnið sá barn liggja á götunni aftan við vörubifreiðina og hjá því bláhvítt reiðhjól. Vitnið fór strax að barninu og kvaðst hafa bægt fólki frá, er að kom. Vitnið sá Þórð Þórðarson hlaupa að lögreglustöðinni og koma að vörmu spori ásamt lögreglumanni með sjúkrakörfu. Vitnið aðstoðaði þá við að flytja barnið á sjúkrahúsið, og er það kom þaðan, var lögreglan að mæla út slysstaðinn.

Vitnið gat ekki borið um ökuhraða vörubifreiðarinnar eða með hvaða atvikum áreksturinn varð. En vitnið kvað drenginn hafa legið á bakinu langsum á götunni með höfuðið í norðaustur, og var hjólið að nokkru ofan á honum, og voru fætur drengsins að nokkru inni á milli gafflanna. Vitnið leit svo á, að hjól bifreiðarinnar hefðu ekki farið yfir barnið eða hjólið, því að þá hefðu áverkar átt að vera meiri. Vitnið sá greinilega blóðblett á götunni undir höfði barnsins. Vitnið taldi sig hafa séð lífsmark með drengnum, fyrst eftir að það kom að honum.

Vitnið Helgi Júlíusson kaupmaður kvaðst strax hafa farið á slysstað, er Halldóra Böðvarsdóttir gerði honum viðvart. Það sá barnið liggja á götunni, og var reiðhjól að nokkru leyti ofan á því. Blóðpollur var undir höfði barnsins, en það sneri í austur og stýri hjólsins einnig. Vitnið sagði það ekki koma til mála, að hjól bifreiðarinnar hefðu farið yfir barnið eða hjólið. Vitnið leit svo á, að barnið hlyti að hafa sveigt í austur á móti akstursstefnu bifreiðarinnar E 569, rétt áður en slysið varð. Vitnið tók hjólið inn í búð sína, en afhenti það lögreglunni síðar um daginn.

Vitnið Þórður Þorsteinsson Þórðarson vörubifreiðarstjóri var að aka vöruflutningabifreið sinni, E 600, niður á m/s Akraborg og lagði af stað frá Kirkjubraut 16 kl. 1345 þennan dag, en skipið átti að koma að bryggjunni kl. 14. Vitnið ók yfir Akratorgið fram hjá Landsbankanum, og er það nálgast Suðurgötu, fór það að huga að umferð eftir henni, en biðskylda er þarna við Suðurgötuna. Er vitnið leit til vinstri handar norðaustur götuna, sá það, að vöruflutningabifreið var ekið suðvestur götuna og fram með verslun Helga Júlíussonar. Á sama tíma sá vitnið, að

drengur ók á litlu reiðhjóli skammt frá horninu á sömu verslun og út á akbrautina í Suðurgötu, og virtist vitninu hjólinu ekið hiklaust út á götuna. Vitnið sá, að reiðhjólið lenti á hlið vörubifreiðarinnar. Þegar vitnið sá, að þarna hafði orðið slys, stöðvaði það bifreið sína og hljóp upp Suðurgötu og fram hjá slysstaðnum og rakleitt á lögreglustöðina í Kirkjubraut og skýrði frá slysinu. Síðan hraðaði vitnið sér á slysstaðinn ásamt Guðfinni Sigurðssyni lögreglumanni, og höfðu þeir sjúkrakörfu með sér. Meðan gengið var frá drengnum í sjúkrakörfunni, sótti vitnið bifreið sína, en ók síðan drengnum upp á Sjúkrahús Akraness.

Vitnið var spurt að því fyrir dómi, hvort það hafi getað greint það, hvar drengurinn á hjólinu hafi lent á bifreiðinni E 569. Vitnið gat ekki fullyrt um það atriði, en taldi, að hjólið hefði lent aftan til á bifreiðinni og þá helst á fremra, ytra hjólinu á afturhásingu. Vitnið áleit, að drengurinn hafi ekki lent undir bifreiðinni, heldur utan í hjólinu.

Vitnið áleit, að bifreiðin E 569 hafi verið á nokkurri ferð, en það tók fram, að það hafi séð aksturinn svo sem í svip eða örstutta stund, áður en slysið varð. Vitnið kvaðst því ekki treysta sér til að giska á ökuhraðann miðað við km. Vitnið sagðist vera vant akstri stórra og þungra vöruflutningabifreiða og hafa ekið þeim milli Reykjavíkur og Akraness og um götur í báðum bæjunum. Vitnið kvað það eigi vera unnt að stöðva bifreiðar sem þessar samstundis, ef ferðin er nokkuð veruleg, jafnvel þó að hún sé eigi meiri en 30—35 km miðað við klst.

Vitnið Guðfinnur Sigurðsson lögreglumaður var statt á lögreglustöðinni, er hringt var þangað frá verslun Helga Júlíussonar og Þórður Þ. Þórðarson kom þangað og slysið var tilkynnt. Vitnið tók sjúkrakörfu á lögreglustöðinni og hljóp með hana ásamt Þórði á slysstaðinn, sem er skammt frá lögreglustöðinni. Drengurinn lá á götunni, og rann blóð úr höfði hans. Var greinilegur blóðblettur á götunni. Vitnið tók þá ákvörðun að flytja drenginn strax á sjúkrahúsið í vöruflutningabifreiðinni E 600. Skömmu síðar kom vitnið aftur á slysstað, og var þá Pétur Jóhannesson lögreglumaður að gera athuganir á vettvangi.

Vitnið Pétur Steinar Jóhannesson lögreglumaður var á vakt á lögreglustöðinni, er tilkynnt var um slysið. Vitnið bað Guðfinn lögreglumann að fara á slysstað, þar sem yfirlögregluþjónn var úti á lögreglubifreiðinni, en sjúkrabíllinn var á verkstæði. Þegar yfirlögregluþjónn kom á stöðina, fór vitnið á slysstað, og höfðu þá liðið örfáar mínútur, frá því að tilkynnt var um slys-

ið. Vitnið sá strax á slysstaðnum blóðblett á götunni, og var því skýrt frá því af ákærða og vitnum, sem þarna voru stödd, að þar hefði barnið legið. Nokkru síðar kom Guðfinnur lögreglu-maður á vettvang.

Vitnið átti tal við vitni og ákærða, athugaði slysstað og gerði mælingar af staðsetningu bifreiðarinnar E 569 og hemlaförum. Vitnið gerði síðan afstöðuteikningu af öllum vettvangi og umhverfi á slysstað, og hefur hún verið lögð fram í dóminum.

Samkvæmt mælingu vitnisins voru hemlaför eftir hægra hjól bifreiðarinnar E 569 19.20 m, en eftir vinstra hjól 16.40 m. Vitnið skýrði þetta nánar fyrir dómi og sagði, að hemlaförin (merkt B á afstöðuteikningunni) hafi verið mjög skýr hjólför eftir hjól bifreiðarinnar, en þetta hafi ekki verið augljós hemlaför, eins og oft sést, er bíl er snarhemlað. Engin svört hemlafararák var þarna á steyptri götunni. Vitnið kvaðst þó hafa merkt þetta hemlaför, þó að það vilji ekki fullyrða, að bílnum hafi verið snarhemlað þarna.

Vitnið kvað Suðurgötuna hafa þarna aðalbrautarrétt og að hámarkshraði innanbæjar á Akranesi hafi á þessum tíma verið 35 km miðað við klst. samkvæmt lögreglusamþykkt fyrir Akranes nr. 57/1963.

Vitnið sá ekki reiðhjól drengsins á slysstað, en sótti það í verslun Helga Júlíussonar síðar þennan dag. Reiðhjólið var af Universal gerð með 20x1.75 dekkjastærð, blátt að lit, með krómuðum brettum og stýri. Vitnið sagði, að stýri hjólsins hefði skekkst, og hjólið var lítillaga beyglað, bæði fram- og afturgjörð, en hjól bifreiðarinnar E 569 hafi alls ekki farið yfir reiðhjólið.

Síðdegis þennan sama dag, er slysið varð, fór vitnið ásamt bifreiðaeftirlitsmanni, og skoðuðu þeir bifreiðina E 569. Vitnið sagði, að komið hafi í ljós blár litur á loftkútunum á bifreiðinni E 569, en þeir eru framan við hægri afturhjólin, og var liturinn mjög augljós. Þá lýsti vitnið því, að mánudaginn 16. maí 1977 hafi farið fram á slysstað ýmsar athuganir á slysinu að viðstöddum ákærða, bifreiðaeftirlitsmanni o. fl. Var þá á staðnum reiðhjólið borið við, þar sem blár litur var á loftkútum bifreiðarinnar E 569. Gaffall reiðhjólsins passaði við farið á loftkútunum. Hafði málning á vinstri armi gaffalsins máðst af við ákeyrslu.

Vitnið gerði yfirlitskort af slysstað og nágrenni og merkti inn á það helstu staði, er um er fjallað í málinu. Þá lét hann ljósmynda bifreiðina E 569 á slysstað.

Vitnið Guðmundur Sigurðsson bifreiðaeftirlitsmaður kvaðst hafa skoðað bifreiðina E 569 síðdegis sama dag, er slysið varð. Vitnið sá greinilega bláan lit á loftkútunum. Samkvæmt vottorði bifreiðaeftirlitsmannsins reyndist öryggisútbúnaður bifreiðarinnar vera í góðu lagi, svo sem hemlar, stýrisbúnaður og ljós. Einnig voru hjólbarðar bifreiðarinnar óaðfinnanlegir. Vitnið fór mánudaginn 16. maí með ákærða og lögreglumönnum á slystað til prófunar á baksýnispegli bifreiðarinnar E 569. Var það mat vitnisins og annarra, að reiðhjólið hefði eigi getað sést í speglinum úr sæti bifreiðarstjórans.

Ákærði, Tómas Sævar Friðjónsson, gaf skýrslu fyrir lögreglu sama dag og slysið varð og síðan ítrekað fyrir dómi um bifreið sína, akstur og aðdraganda slyssins. Hann hafði ökuskírteini í lagi og hafði ekið vörubifreið um 3ja til 4 ára skeið. Hann keypti bifreiðina E 569 í mars 1976 og hafði ekið henni stöðugt síðan. Samkvæmt skráningarskírteini var bifreiðin Volvo, árgerð 1974, diesel með 210 hestafla vél, eigin þyngd bifreiðarinnar er 6455 kg, en heildarþyngd með hlassi má vera 22.200 kg. Ákærði taldi, að eigin þyngd bifreiðarinnar væri 8—9 tonn með sérsníðuðum grjótpalli. Bifreiðin var ekki vigtuð strax eftir slysið, en mánudaginn 16. maí var hún vigtuð að viðstöddum lögreglumanni, eins og fyrr greinir. Samkvæmt vottorði vigtarmanns var bifreiðin E 569 þá 22.820 kg, eigin þyngd 11.330 kg og farmþungi 11.490 kg.

Ákærði kvaðst hafa ekið grjóti úr grjótnámu bæjarins við þjóðveg í hafnargarðinn við höfnina frá því í mars 1977 og árið áður um 2—3 mánaða skeið. Ákærði sagði þetta vera um 5.5 km leið, og var farið 12—14 ferðir á dag í 8 klst. vinnu. Voru 8—10 vörubílar í þessum grjótflutningum og allt stórir bílar, sem taka allt að 15 tonnum. Var ekið að beiðni lögreglu meðfram sjónum neðan sementsverksmiðjunnar eftir Faxabraut, en eftir að byrjað var að steypa þá götu, urðu grjótflutningarnir að fara eftir aðalumferðargötum bæjarins, Skagabraut, Suðurgötu og Akursbraut að höfninni.

Ákærði kveðst hafa hafið akstur í grjótflutningunum föstudaginn 13. maí 1977, kl. 0730. Um kl. 1345 um daginn var hann að aka til hafnarinnar í 10. eða 11. ferðina þann dag og 2. ferðina eftir hádegismat. Í þessari ferð var smágrjót á bílnum eða grjótmulningur, og hafði hann ekki verið vigtaður hlaðinn, en það var gert öðru hverju, og var ætlast til, að ekki væri yfir 11—12 tonn á bílnum, enda var kauptaxti miðaður við þá

þyngd. Ákærði giskaði á, að í þessari ferð hefðu verið um 11 tonn á bílnum og bíllinn hlaðinn því allt að 20 tonnum að þyngd.

Ákærði lýsti bíl sínum, E 569, þannig, að hann væri 3ja hásinga og tvöföld hjól hvorum megin að aftan. Bíllinn hefur 8 gangstig (gíra) og er með tvöföldu drifi. Er ákærði ók eftir Suðurgötu í umrætt sinn, var hann í 7. gangstigi, og taldi ákærði sig yfirleitt aka um götur í 5. til 7. gangstigi. Akstursskilyrði voru góð, bjart veður og gatan þurr, og ákærði kvaðst á engan hátt hafa verið miður sín við aksturinn þennan dag.

Ákærði ók á hægri götuhelmingi og taldi miðað við það, að hann ók í 7. gangstigi, að hann hafi ekið mikið undir 60 km hraða og líklega á um 45 km hraða. Ef bíl ákærða, E 569, væri ekið í 8. gangstigi, þyrfti hann að vera á yfir 60 km hraða miðað við klst. Er ákærði ók eftir Suðurgötu og var nokkuð frá húsinu nr. 65, sem er hornhús hægra megin götunnar, sá hann allt í einu dreng á reiðhjóli koma hjólandi út á Suðurgötuna skammt frá horninu, en í hornhúsinu er verslun Helga Júlíussonar. Drengurinn hjólaði hiklaust út á götuna og þvert fyrir bílinn og virtist hvorki horfa til hægri né vinstri. Var hann á nokkurri ferð og ók hiklaust yfir Suðurgötu og út á Mánabraut. Ákærða brá mjög, er hann sá drenginn allt í einu aka svo snögglega fyrir bílinn, en skynjaði þó mjög fljótlega, að drengurinn yrði ekki fyrir bílnum. Ákærði hemlaði lítilllega og skipti niður um 1 ganghraðastig, úr 7. í 6., og var með því að draga úr ferð og hafi hlaðinn minnkað nokkuð, enda verkuðu hemlar vel. Síðan ók ákærði áfram 1 til 2 bíllengdir og var kominn fram fyrir hornið á verslun Helga Júlíussonar og á móts við bílastæðið, merkt G á afstöðuteikningu. Ákærði taldi sig þá hafa séð í baksýnispegli bifreiðarinnar annan dreng koma á reiðhjóli að hlið bílsins í áttina að Suðurgötu, og kvaðst ákærði ekki fullyrða, hvort drengurinn var þá á gangstéttarbrúninni eða bifreiðastæðinu. En ákærði kvaðst hafa skynjað, að hætta var á ferðum, og hafi hann hemlað snögglega og um leið sveigt bifreiðinni til vinstri handar. Er ákærði hafði stöðvað bifreiðina, hljóp hann til baka, og lá þá drengurinn á bakinu í götunni nokkuð fyrir aftan bifreiðina, og sneri höfuð drengsins í austur, en ákærði minnst þess ekki, hvernig eða hvar reiðhjólið lá. Ákærði veitti ekki athygli sýnilegum áverka á andliti drengsins eða líkama, en er drengurinn var tekinn upp skömmu síðar, sá ákærði blóðpoll á götunni, þar sem höfuð drengsins lá. Ákærði áleit, að hjól bifreiðarinnar hefðu ekki farið yfir drenginn, því að þá hefðu átt að

vera mjög sýnilegir áverkar á honum, þar sem bifreiðin var svo þung, enda taldi ákærði, að drengurinn hafi legið utan við hemlaför bílsins. Ákærði lýsti síðan aðkomu vitna og flutningi drengsins á sjúkrahús, eins og fram er komið í málinu.

Ákærði var viðstaddur, er lögreglan mældi upp slysstaðinn og hemlaför. En skömmu síðar fór hann með leyfi lögreglunnar og losaði grjót af bifreiðinni, en fór síðan heim til sín. Ákærði var viðstaddur, er bifreiðaeftirlitsmaðurinn kom síðdegis og skoðaði bifreiðina og reyndi öyggistæki hennar. Sá ákærði þá, að blá málning var á festingu á loftkútum, sem voru hægra megin á bifreiðinni, nokkru framan við afturhjól, um það bil á miðjum bílnum.

Mánudaginn 16. maí fór ákærði á slysstað ásamt bifreiðaeftirlitsmanni, lögreglumönnum og rannsóknardómara. Var bifreiðin E 569 sett á slysstaðinn, og bifreiðaeftirlitsmaðurinn og ákærði óku bifreiðinni ætlaða leið hennar, er slysið varð. Einnig var reiðhjól drengsins sett á ætlaða leið drengsins. Kom þá í ljós, að reiðhjólið sést ekki í baksýnispegli bifreiðarinnar, því að hann sýnir aðeins það, sem var aftan við bifreiðina. Að þessu athuguðu taldi ákærði, að hann hefði séð til ferða drengsins gegnum hliðarrúðu bifreiðarinnar, en hún er mjög stór.

Í lögregluskýrslu, sama dag og slysið varð, segist ákærði hafa ekið vestur Suðurgötu, sennilega með um 30 km hraða, þó að hann geri sér ekki fyllilega grein fyrir hraðanum.

Ákærði var fyrir dómi ítrekað spurður um aksturshraða bílsins, er slysið átti sér stað. Hann kvaðst ekki geta um það full-yrt. Hann hafi ekið í mesta lagi á um 45 km hraða, er hann ók eftir Suðurgötunni. En er hann sá fyrri drenginn, dró hann úr hraða og skipti niður. Og ákærði taldi, að hann kunni að hafa verið á eitthvað yfir 30 km hraða, er hann sá drenginn í síðara skiptið. Þetta gerðist svo snögglega, og sagðist hann ekki geta gert sér ljóst, hvað hann dró mikið úr hraða bílsins. En er hann sá síðari drenginn, taldi hann sig hafa hemað snögglega, en ef til vill hafi hann aftur gefið eftir á hemlum og bíllinn runnið nokkuð og því hafi hemlaför ekki verið eins skýr á götunni. enda sé ekki unnt að hemla svona þungum bílum það snögg, að stöðva megi strax.

En ákærði taldi, að sér hafi ekki verið unnt að koma í veg fyrir slysið, eins og atvikum var háttað, þar sem drengurinn ók svo gálauslega út á götuna. Að lokum kvaðst ákærði, eftir að hafa hugsað um þetta atriði, vera í vafa um, að hann hafi ekið

eftir Suðurgötu í 7. gangstigi, heldur í 6., og hafi hann þá skipt niður í 5. gangstig, er hann sá drenginn í fyrra sinnið. Ákærði sagðist telja, að eiginleikar bílsins og vélarinnar væru þess eðlis, að miklu líklegra, að hann hafi ekið í 6. gangstigi (sic). Og ákærði kveðst hafa reynt að skýra frá atvikum í máli þessu eins samviskusamlega og honum hafi verið unnt.

Réttarkrufning fór fram á líki drengsins Stefáns Orra Ásmundssonar. Samkvæmt krufningarskýrslu Rannsóknastofu Háskólans, dr. med. Ólafs Bjarnasonar prófessors, dags. 14. maí 1977, segir:

„Ályktun:

Við krufninguna kom í ljós mjög mikil sköddun á innri líf-færum, einkum í kviðarholi, ásamt með blæðingum í kviðarhol og beggja vegna í brjósthol. Auk þess var mjaðmagrind brotin.

Ofangreindir áverkar munu samstundis hafa orðið drengnum að bana.“

III.

Eigi hefur tekist í rannsókn máls þessa að upplýsa, svo að öruggt sé, um akstur ákærða eftir Suðurgötu, áður en slysið varð. Verður því að mestu að byggja á frásögn ákærða sjálfs, sem verður að teljast trúverðug, þó að hann geti eigi fullyrt um aksturshraða bifreiðarinnar. Frásögn vitna um hemlahljóð frá bifreið ákærða eru í samræmi við fullyrðingu hans um, að hann hafi snögghemlað, er hann sá drenginn stefna að bifreið sinni á reiðhjóli sínu.

Í ákæru gætir ónákvæmni í lýsingu á hraða bifreiðarinnar miðað við ferðir drengjanna á reiðhjólunum, og að sjálfsögðu er það missögn, að drengirnir hafi verið að aka norður yfir götuna, þar sem upplýst er í málinu, að þeir stefndu suður yfir götuna.

Við mat á sök ákærða verður að líta til allra aðstæðna, eins og fram hefur komið við rannsókn málsins. Ákærði ók í umrætt sinn þunghlaðinni vörubifreið sinni eftir einni aðalumferðargötu bæjarins, og framundan var aðaltorgið og gatnamót, þar sem almennt er mikil umferð. Þótt ákærði æki um götu með aðalbrautarrétti, var varúðarskylda hans mjög mikil miðað við staðhætti, götu og umferð og þá eigi síður, ef litið er til þess, að hann ók bifreið, sem hann vissi, að eigi var unnt að stöðva samstundis, ef þörf krefði, nema á lítilli ferð.

Það er því mat dómars, að aksturshraði ákærða í umrætt

sinn í Suðurgötu hafi verið gálaus miðað við allar aðstæður. Og gildir þá einu, hvort hraði bifreiðarinnar hafi verið um 30 km eða allt að 45 km miðað við klst., eins og ákærði telur, að kunni að hafa verið. Og eftir að hann sá til ferða fyrri drengsins, sýndi ákærði eigi nægilega varkárni, þar sem hann dró eigi verulega úr hraða bifreiðarinnar. Hann gat raunar eigi búist við, að annar drengur kæmi á eftir hinum fyrri sömu leið. En ákærða bar að gæta þess að aka ekki hraðar en það, að hann hefði fullkomna stjórn á ökutæki sínu. En eigi tókst að stöðva bifreiðina í tæka tíð til að forða slysi (sic), og má þó ætla, að hraði bifreiðarinnar hafi jafnvel verið minni en löglegur innanbæjarhraði, eða 35 km miðað við klst. Og þó að segja megi, að aðalorsök slyssins sé hin gálaus og óheimila ferð drengsins unga á reiðhjóli sínu, sem að framan er lýst, verður að líta svo á, að ákærði hafi í akstri sínum í umrætt sinn eigi sýnt af sér nægilega aðgát miðað við aðstæður, eins og í ákæru er frá skýrt. Telst ákærði því bera refsiverða sök á slysinu.

Brot ákærða varða við þau ákvæði almennra hegningarlaga og umferðarlaga, sem í ákæru greinir.

Ákærði var mjög miður sín vegna slyssins og gerði allt, sem unnt var, til að upplýsa málið og orsök slyssins.

Refsing ákærða þykir hæfilega ákveðin 150.000 kr. sekt til ríkissjóðs, og komi 10 daga varðhald í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá lögbirtingu dómsins.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar, þar á meðal málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns, Guðmundar Ingva Sigurðssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 180.000.

Þá ber samkv. 81. gr. umferðarlaga nr. 40/1968 að svipta ákærða ökuréttindum í 4 mánuði frá uppkvaðningu dómsins.

Dómsorð:

Ákærði, Tómas Sævar Friðjónsson, greiði í sekt til ríkissjóðs kr. 150.000, og komi 10 daga varðhald í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar, þar á meðal málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns, Guðmundar Ingva Sigurðssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 180.000.

Ákærði er sviptur ökuleyfi sínu í 4 mánuði frá uppkvaðningu dóms þessa.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.